

## Uppskipti á jörðinni Lægsti-Hvammur 3 (númer L140681) í 3A og 3B.

**Til** : Skipulag <skipulag@isafjordur.is>;Bygg <bygg@isafjordur.is>  
**Frá** : Þorbergur Steinn Leifsson <tsl@verkis.is>  
**CC** : Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>;thorste99@gmail.com <thorste99@gmail.com>  
**Heiti** : Uppskipti á jörðinni Lægsti-Hvammur 3 (númer L140681) í 3A og 3B.  
**Málsnúmer** : 2024030127  
**Málsaðili** : Logg - landafræði & ráðgjöf slf  
**Skráð dags** : 16.03.2024 15:08:17  
**Höfundur** : Þorbergur Steinn Leifsson <tsl@verkis.is>  
**Viðhengi** : [F-550. L140681 Neðsti Hvammur 3, umsókn um stofnun á 1 lóð úr landi.pdf](#)  
[F 551 Neðsti Hvammur 3.pdf](#)  
[Neðstihvammur 3B.pdf](#)  
[Neðstihvammur 3A.pdf](#)  
[Þinglýst kort.pdf](#)  
[Þinglýst yfirlýsing um landamerki.pdf](#)  
[image001.png](#)

Til Skipulags og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

c/o Guðmundur Rafn Kristjánsson

Sendi hér með erindi um uppskipti jarðarinnar Neðstihvammur 3 í Neðstahvamm 3A og 3B.

Eigendur 3A eru Þorbergur Leifsson og Ásrún Leifsdóttir en eigendur 3B niðjar Jóhanns Torfa Steinssonar.

Skiptin eru samkvæmt meðfylgjandi teikningum og töflum. Þau hafa verið samþykkt af öllum landeigendum í Hvammi í Dýrafirði samkvæmt meðfylgjandi undirrituðum yfirlýsingum og kortum frá árinu 2015 og nýrri kortum af landareignum Neðsta-Hvamms 3A og 3B.

Við skiptingu séreignar milli allra landeigenda í Hvammi var ræktuðu landi skipt í hlutfalli við eign í óskiptu landi. Þannig komu 7919 m<sup>2</sup> í hlut Neðstahvamms 3A og 6562 m<sup>2</sup> í hlut Neðstahvamms 3B. Ræktað land er nefnt Tún í meðfylgjandi gögnum.

Þegar uppskiptin hafa verið samþykkt, óska eigendur eftir sérstöku Landeignanúmeri á hvort svæði, en númerandi númer er L140681

Kveðja

Þorbergur Steinn Leifsson

---

**From:** Helga Þuríður Magnúsdóttir  
**Sent:** þriðjudagur, 4. apríl 2023 15:35  
**To:** Þorbergur Steinn Leifsson  
**Cc:** Skipulag ; Þór Steinarsson  
**Subject:** 2021090046 - Hvammur Dýrafirði

Sælir,

Vegna uppskipta landareignarinnar:

<https://fasteignaskra.is/default.aspx?pageid=d5db1b6d-0650-11e6-943c-005056851dd2&selector=streetname&streetname=140681&submitbutton=Leita>

Athugið að gera þarf grein fyrir skiptingu á ræktuðu landi sem er skráð 2,0.

-Hvaða lóð það fylgi eða verður áfram á upprunalandinu? Þetta eru núverandi skráningar á ykkar fasteignum/landareignum og eru opinberar upplýsingar.

**Nú þurfið þið að semja erindi og beina því til skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar fyrst að öll fylgigögn eru tilbúin til frekari vinnslu.**

**Í erindinu skal setja fram yfirlýsingu eða greinargerð þar sem gjörningurinn er settur fram í orðum.**

**=Sendið það síðan á skipulagsfulltrúa (Guðmund Rafn Kristjánsson) skipulag hjá isafjordur.is sem mun yfirfara erindi ykkar fyrir umfjöllun í nefndinni og síðan fyrir bæjarstjórnarfund.**

Ég tek við keflinu á seinni stigum,

þ.e. þegar Ísafjarðarbær sendir samþykkt gögn á landeignaskrá og fasteignaskrá hjá HMS til yfirferðar.

Síðan er það Sýslumaðurin á Vestfjörðum sem staðfestir gjörninginn og öll skjöl, og gefur út ný fastanúmer á nýju landareignirnar.

n.b. Sendi einnig afrit á hann Þór hjá niðjum Jóhanns T Steinss ehf. til upplýsinga um stöðu mála.

Gangi ykkur vel.



**Helga Þuríður**

**Magnúsdóttir**

verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði

Ísafjarðarbær

450 8000 - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun og silfurvottun EarthCheck.  
Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.